

Alþingi
Erindi nr. P 138/1710
komudagur 13.4.2010

DRAUPNIR
LÖGMANNSPJÓNUSTA EHF.

Alþingi
nefndasvið
Reykjavík.

b.t. Hildar Evu Sigurðardóttir.
hildureva@althingi.is

Reykjavík, 9. apríl 2010.

Varðar: Frumvarp um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, þingskjal 744.

Að beiðni Flugstoða ohf., og Keflavíkurflugvallar ohf., hef ég skoðað frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum, sem umhverfissráðherra hefur lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Frumvarp þetta er tilkomið vegna þeirra breytinga, sem lagðar eru til á löggjöf um byggingarmálefni í frumvarpi til laga um mannvirki.

Frumvarp til laga um mannvirki, sem leysa á af hólmi gildandi skipulags- og byggingalög, felur í sér margháttaðar breytingar á stjórnarsýslu byggingamála. Samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki skal m.a. komi á fót nýrri stofnun Byggingarstofnun (betra væri Byggingastofnun). Byggingarstofnun er ætlað að taka yfir verksvið Brunamálastofnunar og hluta af verkefnum Skipulagsstofnunar.

Með frumvarpinu á þingskjali nr. 744 er ekki ætlunin að breyta lögum um brunavarnir efnislega, nema að því leyti að slökkvilið í skilningi laga um brunavarnir fá nú það lögbundna hlutverk að bjarga fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum m.a. flugvélum. Slökkvilið í skilningi brunavarnarlaga hafa ávallt haft það hlutverk að slökkva eld í flugvélum á jörðu niðri.

Frumvarp til breytinga á lögum um brunavarnir felur ekki í sér neinar breytingar á lögum um brunavarnir, sem skipta máli fyrir starfsemi Flugstoða og Keflavíkurflugvallar um rekstur félaganna á Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvelli.

Flugvallarrekstur Flugstoða og Keflavíkurflugvallar lýtur lögum um loftferðir, reglugerðum settum á grundvelli þeirra af samgönguráðherra og alþjóðasamningum um loftferðir, sem Íslanda á aðild að og miða að því að tryggja alþjóðlegt flugöryggi.

Flugöryggi er m.a. reynt að tryggja með því að hafa á flugvöllum sérstaka viðbúnaðarþjónustu sbr. reglugerð um flugvelli nr. 464/2007, sem sett er af samgönguráðherra á grundvelli laga nr. 60/1998 um loftferðir.

DRAUPNIR

Í ljósi þeirrar uppákomu sem varð á dögnum þegar slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hótaði að loka Reykjavíkflugvelli er hins vegar nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um það í lögum um brunavarnir að flugvellir og sú starfsemi sem þar fer fram heyrir ekki undir Brunamálastofnun eða einstaka slökkviliðsstjóra landsins, að öðru leyti en því að mannvirki á flugvöllum, sem byggingarleyfi þarf fyrir þurfa að fullnægja reglum um brunavarnir.

Á þessu er hvergi tekið með ótvíræðum hætti í lögum um brunavarnir í dag. Enginn vafi er hins vegar á því að lög um brunarnir eiga ekki við um viðbúnaðarþjónustu flugvalla þegar horft til almennra lögskýringasjónarmiða. Þau virðast hins vegar ekki alltaf duga þegar embættismenn frekir til valdsins eru annars vegar. Það væri því til bóta, ef Alþingi undanskyldi slökkvi- og björgunarþjónustu flugvalla samkvæmt loftferðalögum afskiptum Brunamálastofnunar og einstaka slökkviliðsstjóra, nú þegar þingið hefur frumvarp til breytinga á lögum um brunavarnir til meðferðar.


Þess skal hér getið að slökkvi- og björgunarsveitir flugvalla þurfa að fullnægja kröfum laga um loftferðir nr. 60/1998. Framkvæmd þeirra laga er á forræði Flugmálastjórnar Íslands sbr. lög nr. 100/2006. Flugmálastjórn heyrir undir samgönguráðuneytið. Flugmálastjórn gefur út rekstrarleyfi fyrir flugvelli. Hvaða skilyrði varðandi slökkvi- og björgunarmál Flugmálastjórn telur að flugvöllur þurfi að fullnægja til að fá rekstrarleyfi ræðst af því hvar í flokki flugvöllurinn lendir samkvæmt reglugerð um flugvelli nr. 464/2007.

Fyrir rekendur flugvalla er það óþolandi að stjórnvöld sem ekki fara með lögsögu í loftferðamálum geti tekið sér slíkt vald á grundvelli orða í greinargerð með frumvarpi til núgildandi laga um brunavarnir, eins og reyndin var þegar slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins mælti fyrir um skipan slökkvi- og björgunarþjónustu Reykjavíkflugvallar þann 19. mars sl.

Slökkviliðsstjórinn hefur nú afturkallað þessa ákvörðun sína eftir afskipti samgöngu- og umhverfisráðherra.

Óski nefndin þess að mál þessi verði rædd við nefndina er ég tilbúin til þess ásamt fulltrúum frá Flugstoðum og Keflavíkflugvelli.

Virðingarfyllst,



Sigurður G. Guðjónsson hrl.